

Fundargerð hreppsnefndar 16. febrúar 2017

Fundur

Fundur nr. 55 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 16. febrúar 2017 í Miklagröi kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Sigurjón H. Hauksson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð nefndarmenn velkomna til fundar. Ennfremur voru fulltrúar úr fræðslunefnd og skólastjóri boðin velkomin undir 1. dagskrárlíð. Síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá

1. Almenn mál:

1. Kynnt skýrsla Menntamálastofnunar um „Ytra mat Vopnafjarðarskóla“

Skólastjóri gerði grein fyrir tilurð skýrslunnar sem síðan var kynnt af Þóru Björk Jónsdóttur og Gunnari Gíslasyni frá Menntamálastofnun í slæðusýningu. Að yfirferð lokinni greindu skólastjóri og formaður fræðslunefndar frá þeirri vinnu sem framundan er í ljósi athugasemda stofnunarinnar.

2. Skipulagsmál Vopnafjarðarhrepps

Framtíðaraðkoma að skipulagsmálum Vopnafjarðarhrepps. Lögð fram greining sveitarstjóra annars vegar og Stefáns Gríms hins vegar á þeim 6 hönnunarstofum sem fulltrúar sveitarstjórnar heimsóttu. Að umræðu lokinni var samhljóða samþykkt að leita til Yrki arkitekta ehf. um samstarf.

3. Drög að starfsreglum fyrir svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Austurlandi

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða starfsreglur fyrir svæðisskipulagsnefnd.

4. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Lagt fram til kynningar.

5. Lóð undir símahús á Urðum

Fyrir fundi lá bréf forsætisráðuneytis og undirritaður samningur Minjaverndar og Björgunarsveitarinnar Vopna. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða stofnun lóðar undir Símahúsið á Urðum og felur byggingafulltrúa að ljúka málinu.

6. Ísland ljóstengt 2017

Oddviti og sveitarstjóri ásamt Stefáni Grími fóru yfir framgang málsins en síðan samhljóða samþykkt að fara í verkefnið á fyrirbyggjandi forsendum.

7. Tjaldstæði á Ásbrandsstöðum – deiliskipulag

Sveitarstjóri gerði nánar grein fyrir málinu og skv. Skipulagsstofnun er þörf að láta vinna deiliskipulag fyrir umrætt svæði og að sveitarfélagið marki sér skýrari stefnu um ferðaþjónustu á bújörðum.

8. Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi í Hvammsgerði. Gistileyfi í flokki III.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða beiðnina og felur sveitarstjóra að svara erindinu skv. því.

9. Samstarfssamningur við Einherja

Samþykkt samhljóða að að fulltrúar sveitarstjórnar gangi frá málinu með fulltrúum Einherja og samningurinn komi fyrir næsta fund sveitarstjórnar til afgreiðslu.

10. Drög að samningi við Einherja um byggingu á vallarhúsi

Samþykkt samhljóða að að fulltrúar sveitarstjórnar gangi frá málinu með fulltrúum Einherja og samningurinn komi fyrir næsta fund sveitarstjórnar til afgreiðslu.

2. Fundargerðir:

1. Menningarmálanefndar dags. 4. janúar 2017

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

2. Velferðarnefnd, 17. janúar 2017

Fundargerðin samhljóða samþykkt. Síðan samþykkt að fela sveitarstjóra að koma ábendingum til hlutaðeigandi nefnda varðandi 3. tl. fundargerðarinnar.

3. Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 24. janúar 2017

Til umræðu 2. mál í fundargerðinni. Samhljóða samþykkt að vinna málið áfram og boða hlutaðeigandi aðila til kynningar þegar sú vinna hefur farið fram. Fundargerðin samhljóða samþykkt.

1. Fræðslunefndar dags. 9. febrúar 2017

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

5. Stjórnarfundur Fuglastígs Norð-Austurlands dags. 15. janúar 2017

Lagt fram til kynningar.

6. Vísindaráðs almannavarna dags. 27. janúar 2017

Lagt fram til kynningar.

7. 5. fundar Stjórnar SSA 2016-2017

Lagt fram til kynningar.

8. 39. fundar Hafnarsambands Íslands

Lagt fram til kynningar.

9. 846. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

10. 151. fundur Félagsmálanefndar

Lagt fram til kynningar.

11. 3. fundar Svæðisskipulagsnefndar SSA

Lagt fram til kynningar.

12. 31. fundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Sveitarstjórn tekur undir bókun 5. tl. um verkfall sjómanna þar sem segir í lokasetningu bókunar 5. tl.: „Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga hvetur samningsaðila og ríkisstjórn Íslands til að leita allra leiða til að liðka fyrir lausn málsins, þannig að koma megi í veg fyrir frekara tekjutap þjóðarbúsins í heild sinni.“ Fundargerðin til kynningar.

3. Bréf til sveitarstjórnar frá:

1. HAUST varðandi auknar sýnatökur af neysluvatni sem er geislað

Samþykkt samhljóða að að fela sveitarstjóra að svara bréfi HAUST.

2. Jósep H. Jósepssyni

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og vísar til menningarmálanefndar til umsagnar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 18:50.

[Fylgigögn fundar 160217 - 2_9477640.pdf](#)